

## 10. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2018-2019

Fimmtudaginn 7. febrúar kl. 18:00 var haldinn tíundi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Pétur Alan Guðmundsson og Þorsteinn Thorsteinson.

Daníel Örn Hinriksson og Viktoría Jensdóttir boðuðu forföll.

Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ sat fundinn.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

### Dagskrá:

#### 1. Endurskoðaðar veiðiprófsreglur tegundahóps 7 (fylgiskjöl 1 og 2)

Fjallað var um það hvernig staðið skuli að breytingum á veiðiprófareglum fyrir tegundahóp 7 í 12. gr. gildandi veiðiprófareglna, þar segir:

„Heildarendurskoðun veiðiprófsreglna skal fara fram á 5 ára fresti að frumkvæði deilda í tegundarhópi 7. Starfandi deildir í tegundahóp 7 skulu tilnefna 1 fulltrúa hver í endurskoðunarnefnd og skal nefndin fara yfir innkomnar athugasemdir við gildandi reglur, taka afstöðu til þeirra, kynna breytingar, kalla eftir athugasemdum frá félagsmönnum, stjórnnum deildanna og dómaraáði áður en hún skilar fullmótuðum tillögum til stjórnar HRFÍ til samþykktar. Reglurnar eru þó alltaf opnar fyrir minniháttar breytingum á milli heildarendurskoðanna ef brýn nauðsyn er á. Stjórnir deildanna skulu þá koma saman og ræða slíkt og leggja fyrir HRFÍ til samþykkis ef breytinga er þörf. Einhugur allra stjórna í tegundhópi 7 þarf að ríkja um slíkar breytingar.“

Veiðiprófareglur eru skýrar um það að breytingarnar eru á forræði endurskoðunarnefndar sem skipuð er fulltrúum deilda innan TH7. Stjórn HRFÍ fær fullmótaðar tillögur og er hlutverk hennar einungis að staðfesta þær og gæta þess að ekki sé ósamræmi í reglunum og að þær stangist ekki á við lög félagsins og landslög. Þar sem mælt er fyrir um ákveðna málsmeðferð var endurskoðunarnefnd veiðiprófareglna TH7 boðuð á fundinn til að kynna breytingarnar og fara yfir þær með stjórn.

Fyrir hönd endurskoðunarnefndar mættu Þórhallur Haukur Reynisson og Ólafur Ragnarsson.

Farið var yfir vinnuferlið og fulltrúar nefndarinnar staðfestu að farið hefði verið að þeirri málsmeðferð sem reglurnar kveða á um og að fulltrúar allra deilda í TH7 hafi tekið þátt í og leggi sitt nafn við vinnuna.

Fulltrúar nefndarinnar lýstu nánar málsmeðferðinni þannig að nefndin hefði auglýst eftir tillögum frá félagsmönnum. Stofnað var sérstakt tölvupóstfang þar sem félagsmenn gátu komið tillögum á framfæri. Þeir hafi síðan unnið úr þeim tillögum sem bárust. Reglurnar með breytingartillögum voru í

ASJ  
BTM

framhaldinu gerðar aðgengilegar á internetinu og aftur hafi verið óskað eftir athugasemdum við breytingartillögurnar. Einnig var óskað sérstaklega eftir athugasemdum frá þeim erlendu dómurum sem hingað hafa komið.

Nefndarfulltrúar fóru því næst yfir helstu breytingar frá gildandi reglum og kynntu stjórn, en því miður gátu þeir ekki orðið við beiðni stjórnar að senda inn eintak þar sem breytingartillögur voru greindar frá gildandi texta í regluverkinu. Ástæðan var verklagið sem nefndin hafði viðhaft, en þegar þeir unnu úr tillögum samþykktu þeir eða höfnuðu tillögum að breytingu á texta í word skjali. Þannig hafi breytingarnar orðið að endanlegum texta við úrvinnslu tillagna frá ýmsum aðilum innan félagsins.


Samkvæmt nýju reglunum þarf fulltrúi HRFÍ á veiðiprófum ekki lengur að vera dómaramenntaður og nokkrar umræður sköpuðust um þessa breytingu. Nefndin vísaði til þess að fyrirmyndin væri úr reglum í Svíþjóð, en á það bent að þar í landi þarf fulltrúinn að hafa setið langt námskeið til þess að fullnægja skilyrði um að hann hefði víðtæka reynslu af veiðiprófum og þekki veiðiprófsreglurnar í þaula. Það vantar því í regluverkið skýra umgjörð um þau skilyrði sem fulltrúi félagsins þarf að hafa. Af hálfu stjórnar var á það bent að þetta væri fulltrúi HRFÍ og því eðlilegt að gera kröfu um að viðkomandi hefði setið námskeið til menntunar fulltrúa í þetta hlutverk. Eðlilegt væri að slíkt námskeið væri haldið af hálfu dómarráðs og gert í samvinnu við deildirnar. Þá var á það bent að þetta ákvæði væri í ósamræmi við núgildandi reglur um dómarráð og nefndarmenn spurðir hvers vegna ákvæðið var ekki haft í samræmi við þá reglu þar sem í henni var komið til móts við sjónarmið deildanna. Fulltrúar endurskoðunarnefndar sögðu það skýran vilja hennar og deilda í TH7 að gera þessa breytingu.

Sumar deildir í TH7 hafa sjálfstæðan fjárhag en aðrar ekki og er það nýmæli síðan síðustu veiðiprófsreglur voru samþykktar, en samkvæmt ákvæði 2.5. í reglunum geta þátttakendur átt þess kost að skrá sér að kostnaðarlausu á annað veiðipróf, falli veiðipróf niður. Þetta getur flækt mjög uppgjör prófa og skrifstofa félagsins vildi því gjarnan óska eftir að einfalda þetta ákvæði. Fulltrúar endurskoðunarnefndar voru sammála og skilja vandamálið í framkvæmd en lítur þannig á að hún hafi ekki umboð til þess að taka þetta út heldur væri það á færi stjórnar HRFÍ. Fundarmenn voru sammála um að það hefði verið gott að skýra betur mörkin þarna við endurskoðun á 12. gr. en af því varð ekki að þessu sinni.

Samkvæmt gr. 3.1. í nýju reglunum er ennþá krafist innflutningsleyfis og vottorðs frá einangrunarstöð séu hundar ættbókarfærðir hjá erlendu hundaræktarfélagi. Hins vegar er búið að endurskoða grundvallarreglur félagsins og löngu hætt að biðja um staðfestingu. Þetta er því ekki í samræmi við grundvallarreglurnar og verður því fellt út. Stjórn lítur svo á að hér sé um að ræða samræmingaratriði og voru nefndarmenn samþykkir því.

Í reglunum er ýmist talað um örmerkingu eða ID-merkingu en talað er um örmerkingu í öllum reglum félagsins og verður það orðalag notað til samræmis hér einnig. Nefndarmenn samþykktu þessa aðlögun.

Bæði í gildandi veiðiprófareglum og endurskoðaðri útgáfu skulu deildir sækja um veiðipróf til veiðiprófanefndar HRFÍ fyrir 15. október ár hvert og nefndin skal senda til samþykktar stjórnar HRFÍ



fyrir 31. október. Þetta er mjög skammur tími og í framkvæmd hefur dagskrá veiðiprófa ekki komið á borð stjórnar á tilsettum tíma og auk þess er þetta á veiðitímabili. Allir eru sammála að þetta sé klúður og ákveðið að deildirnar skuli sækja um veiðipróf fyrir 1. ágúst til veiðiprófanefndar sem skal skila fyrir 1. september til stjórnar.

Nú er komnar fram reglur um sérstök veiðipróf fyrir meginlandshunda. Umgjörð þeirra prófa er talsvert önnur en þeirra veiðiprófa sem haldin hafa verið hér og umsagnir byggðar upp á annan hátt. Textinn ber þess nokkur merki að um þýðingu sé að ræða.

Nokkrar umræður sköpuðust um meginlandsprófareglunar en allar tegundir í TH7 sem teljast til meginlandshunda munu hafa rétt til þátttöku.

Í reglunum er ýmist talað um deildir eða klúbba en hér á landi eru ekki sérstakir tegundaklúbbar og því þarf að taka það orð allsstaðar út úr textanum.

Í gildandi reglum sem og nýju meginlandsreglunum er talað um ferska bráð en það þarf að taka út úr báðum reglupökkum því ekki er öruggt að ábyrgðaryfirlýsing sem þátttakendur skrifa undir haldi komi eitthvað fyrir, félagið gæti orðið ábyrgt.

Í gr. 3 meginlandsreglna er talað um *gult kort*, það á ekki við á Íslandi og verður því tekið út. Gr. 4, skráning og skráningargjöld, er í andstöðu við 14. gr. laga félagsins þar sem kveðið er á um að stjórn HRFÍ ákveði gjaldskrá fyrir ár hvert og því er ákveðið að breyta þessari grein til samræmis við samsvarandi grein í veiðiprófareglum TH7.

Í gr. 7 var tekið út að setja fugl út á prófsvæðið þar sem það orðalag samræmis ekki lögum á Íslandi.

Gr. 8 sem fjallar um mótmæli var breytt til samræmis við sambærilegt ákvæði í veiðiprófareglum TH7 enda snertir þetta ákvæði ekki prófið sjálft og talið betra að hafa samræmda málsmeðferð um öll mótmæli í veiðiprófareglum. 9. gr. um byssur og skot var breytt með sama hætti enda álitíð rétt að hafa samræmi í veiðiprófareglum hvað það varðar. Sama á við um 17. gr. sem fjallar um útilokun frá prófi. Rétt er að gæta samræmis í veiðiprófareglum að þessu leyti.

Í nýju meginlandsprófareglunum er talað um leiðréttingakraza og er ákveðið að nota orðalag úr veiðiprófareglum og notast við gaddakeðjur og klípiólar. Að sama skapi var tegundarheiti Breton/Brittany leiðrétt.

Í báðum reglupökkum er talað um veiðipróf þar sem bráð er felld og nokkur umræða varð um þau ákvæði þar sem þau þarfnast skoðunar við. Þar sem þetta er í gildandi reglum ákvað stjórn að óska eftir álit dómarráðs sem er æðsti ráðgjafi HRFÍ. Komi fram tillögur um breytingar verður farið með þær samkvæmt ákvæðum 12. gr. reglnanna þannig að allar deildir verða að vera ásáttar um slíkar breytingar.

Endurskoðunarnefnd veiðiprófa TH7 telur sig hafa uppfyllt skilyrði um endurskoðun reglnanna. Stjórn lagði áherslu á að málsmeðferðin væri vönduð. Endurskoðaðar veiðiprófareglur fyrir TH7



ásamt nýjum reglum um meginlandshundapróf eru því samþykktar af meirihluta stjórnar með ofangreindum breytingum.

Guðnýju sem framkvæmdastjóra var falið að setja ofangreindar breytingar í tillögurnar og senda til staðfestingar fundarmanna áður en reglurnar verða birtar.

## 2. Smáhundadeild

Auður Sif og Guðbjörg funduðu með fulltrúa smáhundadeildar en lítil sem engin virkni hefur verið í deildinni lengi. Félagið mun fá umboð til að halda ársfund þar sem engin ársskýrsla verður lesin upp en áhugasamir geta þar boðið sig fram í stjórn og blásið lífi í deildina.

Skoða þarf hvort sambærilegra úrræða sé þörf fyrir fleiri deildir félagsins.

## 3. Breytingar á reglum fyrir veiðipróf retriever hunda (fylgiskjal 3)

Ársfundur retrieverdeildar HRFÍ samþykkti breytingar á reglum fyrir veiðipróf retriever hunda. Ástæða breytinganna er að færa reglur að vinnulagi sem viðhaft er í dag og málvenjum. Nokkrir þættir reglnanna voru auk þess ekki í takt við nágrannalöndin, þaðan sem margir dómara koma, og hefur það nú verið lagað.

Breytingarnar voru ræddar og aðlagðar af veiðinefnd deildarinnar, með dómurum og samþykktar af stjórn Retrieverdeildar áður en þær voru bornar upp á ársfundinum þar sem þær voru samþykktar einróma. Mikil samstaða er því um þessar breytingar og þær samþykktar af stjórn félagsins.

## 4. Undanþága til skráningar íslensks fjárhunds í ættbók (fylgiskjal 4)

Umsögn stjórnar deildar íslenska fjárhundsins varðandi undanþágu til skráningar íslensks fjárhunds í ættbók liggur fyrir. Stjórn deildarinnar styður umsókn Guðnýjar Höllu Gunnlaugsdóttur um undanþágu svo hægt verði að augnskoða hundinn en búið er að mjaðmamýnda hann og kanna gæði sæðis. Verði niðurstaða augnskoðunar hagstæð styður stjórn DÍF áframhaldandi ferli svo hægt verði að ættbókfæra hann og móður hans. Samþykkt.

## 5. Afdrif skýrslu um áhættumat (fylgiskjal 5)

Í janúar sl. sendi félagið erindi til Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytis til að grennslast fyrir um afdrif skýrslu um áhættumat vegna innflutnings gæludýra sem félagið hefur óska eftir í fjölda ára.

Svör hafa nú borist frá Ráðuneytinu en þar kemur fram að nú styttist í skýrsluna og að ráðuneytið vilji hraða málinu. Í svarinu er vísað til þess að orsakir tafa áhættumatsins séu meðal annars þær að það skorti upplýsingar og rannsóknarniðurstöður sem séu ekki til.

Þetta er nokkuð merkilegt í ljósi þess að einangrunarvistun sú sem nú er við lýði þar sem dýr eru einangruð í fjórar vikur við komu til landsins hefði í öllu falli átt að byggja á rannsóknarniðurstöðum. Við teljum þó afar jákvætt að nú sé verið að vanda til verka og að Ráðuneytið vilji hraða málinu. Við væntum því skýrslunnar innan skamms.

Fundi slitið 20:45

Auður Sif Sigmundsdóttir  
Guðbjörg Auður

Forsetinn  
Þorsteinn Thorsteinsson